

Fjárföng ehf

Ársreikningur 2022

Fjárföng ehf
kt. 621121-2270
Arnarhvoli, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun Ríkisendurskoðanda	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Fjárföng ehf er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem var stofnað með heimild í 6. gr. fjárlaga 2021, sbr. lið 5.9.

Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.þ.h.

Félagið hafði engar tekjur á árinu 2022. Tap ársins nam 5,1 m. kr. Hrein eign skv. efnahagsreikningi nam 44,9 m. kr.

Félaginu er ekki ætlað að greiða arð skv. samþykktum félagsins.

Á árinu starfaði einn starfsmaður í hlutastarfi hjá félaginu.

Ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459 er eini hluthafi félagsins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Fjárfanga ehf. að ársreikningur félagsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarárangri ársins, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022.

Stjórn Fjárföngs ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. september 2023

Í stjórn félagsins:

Guðrún Birna Finnsdóttir
Stjórnarmaður

Jón Gunnar Vilhelmsson
Stjórnarformaður

Kjartan Dige Baldursson
Stjórnarmaður

Guðrún Birna Finnsdóttir
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Áritun Ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fjárfanga ehf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og fylgir siðareglum alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 28. september 2023

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fjárfanga ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjárfanga ehf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Fjárfanga ehf. 31. desember 2022, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér á eftir. Við erum óháð Fjárföngum ehf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggist á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipu-leggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins og endurskoðunarnefnd um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 28. september 2023

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Leigutekjur		0	0
		<hr/>	<hr/>
Tekjur samtals		0	0
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	1	4.507.773	0
Annar rekstrarkostnaður	2	593.080	0
		<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals		5.100.853	0
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(5.100.853)	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		0	0
		<hr/>	<hr/>
		0	0
Hagnaður (tap) ársins		<u>(5.100.853)</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar		0	0
Handbært fé	3	44.899.147	50.000.000
Veltufjármunir samtals		<u>44.899.147</u>	<u>50.000.000</u>
Eignir samtals		<u><u>44.899.147</u></u>	<u><u>50.000.000</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Hlutfé		50.000.000	50.000.000
Óráðstafað eigið fé		(5.100.853)	0
Eigið fé samtals		<u>44.899.147</u>	<u>50.000.000</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar		0	0
Ýmsar skammtímaskuldir		0	0
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>44.899.147</u></u>	<u><u>50.000.000</u></u>
Aðrar upplýsingar	5		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(5.100.853)	0
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		0	0
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		0	0
Handbært fé frá rekstri		<u>(5.100.853)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	0
Innborgað nýtt hlutfé		0	50.000.000
		<u>0</u>	<u>50.000.000</u>
		0	50.000.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(5.100.853)	50.000.000
Handbært fé í byrjun árs		50.000.000	0
Handbært fé í árslok		<u>44.899.147</u>	<u>50.000.000</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Starfsemi

Fjárföng ehf., kt. 621121-2270 er íslenskt einkahlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Arnarhvoli, 101 Reykjavík. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.þ.h.

Ríkissjóður Íslands er eini eigandi félagsins og er ríkisaðili í A3-hluta ríkissjóðs og er félagið hluti af ríkisreikningi.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðsstreymi sem er gert á greiðslugrunni.

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Tekjur

Leigutekjur af eignum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga á leigutímanum. Þannig eru tekjur vegna veittrar þjónustu færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
1 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	3.850.000	0
Launatengd gjöld	657.773	0
	<u>4.507.773</u>	<u>0</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	0,5	0,0
	2022	2021
2 Annar rekstrarkostnaður		
Sérfræðipjónusta	589.580	0
Opinber gjöld	3.500	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>593.080</u>	<u>0</u>
	31.12.2022	31.12.2021
3 Handbært fé		
Handbært fé	44.899.147	50.000.000
	<u>44.899.147</u>	<u>50.000.000</u>

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hrein eign			
Jöfnuður 1.1.	50.000.000	0	50.000.000
Hagnaður (tap) ársins		(5.100.853)	(5.100.853)
Jöfnuður 31.12.	<u>50.000.000</u>	<u>(5.100.853)</u>	<u>44.899.147</u>

Hlutafé félagsins nam 50.000.000 kr. Í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

5 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá félaginu.

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum félagsins.

Veittar ábyrgðir

Félagið hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

Óafturkallanleg loforð

Félagið hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur þess.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.